


Elly; þyrfti ekki hringinn — en samt

KK sýnir húla-hopp í Austurbæjarbíói

Og nú ætlar KK upp með hljómleika. Það ætti að vera nokkur viðburður fyrir unga fólkið. Þegar við segjum KK eigum við að sjálfsögðu við hinn vinsæla KK-sextett og það er óhætt að bæta aftan við, ásamt þeim Ragnari Bjarnasyni og Elly Vilhjálms. Við teljum Ragnar upp á undan Elly, því hann syngur alltaf með KK þegar þeir leika á dansleikjum og skemmtunum en Elly ekki nema um helgar.



Og það leikur ekki vafi á því, að þeir KK-menn munu ekki aðeins vera með það nýjasta og bezta úr dægurlagaheiminum heldur og eitthvað nýstárlegt eins og þeirra er von og vísa, því þeir hafa jafnan verið einni tröppu ofar öðrum hljómsveitum hér. Voru fyrstir til að kynna nýja dægurlagasöngvara á hljómleikum, og var Elly einmitt í hópi þeirra dægurlagasöngvara, er þeir fyrst kynntu með hljómsveitinni, og síðan voru þeir manna fyrstir til að leika rokk og þá ekki að sökum að spyrja með calypsó-músíkina, sem þeir leika eins og innfæddir Trinitadbúar og nú ætla þeir að troða upp með húla-hoppið á hljómleikunum sínum á fimmtudaginn kemur. Hvort þeir ætla að sýna sjálfir vitum við ekki, en svo mikið er víst, að þeir hafa „grafið upp" ungan Reykvíking, sem hefur æft þessa „fjölskyldubandatengingaríbrótt" eins og eitt ágætis blað kallar þetta mjaðmaskak, og er pilturinn svo fær í þessu að hann er með þriá hringi á ferðinni í einu, ekki amaleg uppbót á ágæta kvöldskemmtun það.

... en hver hlær síðast?

Nú í sumar komu út tvær bækur með nokkru millibili, sem áttu það sameiginlegt, að vera skrifaðar í léttum tón. *Sá ég spóa* eftir Svavar Gests og *Hlýjar hjartarætur* eftir Gísla J. Ástþórsson. Bókum þessum var yfirleitt vel tekið af almenningi og blaðadómar voru heldur vinsamlegir nema hvað BB í Þjóðviljanum tætti höfundana í sig. BB mun vera skammstöfun Bjarna Benediktssonar blaðamanns við Þjóðviljann.

Um bók Svavars sagði BB: „Þessi litla bók er heildsala af heimsku og slúðri . . . Hann ætti að reyna að skrifa næstu bók með litlu tánni. Ellegar hnéskelinni".

Og þá var ekki síður verið að klípa utan af því, hvað Gísla viðvék, þar sagði BB: „Mikill hluti bókarinnar er marklaus þvættingur."

En BB er ekki bara í nöp við þá, sem *skrifa* í léttum tón. Menn mega alls ekki koma nálægt neinu, sem skop kallast, þá er BB að mæta. Um Halldór Pétursson, sem í mörg ár hefur verið skopteiknari Spegilsins, sagði BB í Þjóðviljanum fyrir nokkru í sambandi við dóm um bók: „Þá hefur Halldór Pétursson teiknað nokkrra myndir í útgáfuna. Hann er einhver versti teiknari á byggðu bóli, eins og alkunnugt er."


Nú mætti ætla að BB taki þá fyrir, er eitthvað eru viðriðnir grín, vegna þess að hann hefði ekki hinn minnsta snefil af kímnigáfu, og væri það í sjálfu sér ágæt skýring. En hún fær ekki staðizt, því að Bjarni Benediktsson blaðamaður við Þjóðviljann er einmitt sá hinn sami Bjarni Benediktsson og þýtt hefur amerísk gamanlekinn *Sá hlær bezt,* sem núna er verið að sýna í Þjóðleikhúsinu.

Og hvað segja svo blöðin um gamanleikjaþýðandann Bjarna Benediktsson?

„Bjarni, vinur minn, Benediktsson frá Hofteigi hefur þýtt leikritið. Málið er gott og ég efa ekki, að það er þýtt af samvizkusemi og málgáfu. Aftur á móti hefði málið mátt vera kúnstugra til að hressa upp á selskapið".

Þetta sagði nú hann IGÞ hjá Tímanum, en hann sagði nú reyndar Bjarni, *vinur minn,* o. s. frv.

„. . . nokkur atriði leiksins eru dágóð, en hin eru þó miklu fleiri, sem eru svo lífvana, að



Hofteigs-Bjarni Benediktsson; „stuffed shirt?"

leikstjórinn og hinir ágætu leikarar hafa ekki fengið þar neitt við ráðið. Má vera að þýðingin, sem er nokkuð þunglamaleg á köflum, eigi hér einhverja sök á."

Þetta sagði nú hann Sigurður Grímsson í Mogganum. Hann var ekki að hafa um þetta jafnmörg orð og Agnar

Framh. á 11. síðu.



Ragnar; Spilað á gítar — og þó

Tommy Steele komst ekki á blað

Enska vikublaðið „New Musical Express", sem gefið er út í hvorki meira né minna en 143 þúsund eintökum, lét nýlega fara fram kosningar meðal lesenda sinna um vinsælustu dægurlagasöngvara Ameríku og Englands.

Að sjálfsögðu varð Elvis Presley atkvæðahæstur í hópi ameríska söngvara. Alls voru birt nöfn 25 söngvara í hverjum flokki. Atkvæði tíu efstu eru sem hér segir:

Elvis Presley	7982
Pat Boone	6803
Frank Sinatra	6001
Perry Como	4765
Buddy Holly	4212
Ricky Nelson	4212
Dean Martin	3897
Johnny Ray	3549
Harry Belafonte	2998
Johnny Mathis	2886

Í hópi ameríska söngkvenna var Connie Francis hæst. Hún er ný söngkona, sem lítt er þekkt hér á landi, nema ef væri af hljómplötunni „Who's sorry now", sem hún hefur sungið á.

Röð hinna tíu efstu er þessi:

Connie Francis	10638
Doris Day	9727
Peggy Lee	6116
Ella Fitzgerald	5659
Debbie Reynolds	5105
Eydie Gorme	4867
Teresa Brewer	4568
Patti Page	4200
Rosemary Clooney	3426
Julie London	3132

með þrjúkaffinu

Í hópi enskra söngkvenna var það Alma Cogan, sem bar sigur úr býtum, en hún er mönnum í fersku minni fyrir ágætan söng á skemmtun í Austurbæjarbíói fyrir nokkrum mánuðum. Þar eru atkvæði fimm efstu þessi:

Alma Cogan	10011
Petula Clark	8976
Marion Ryan	6888
Shirley Bassey	5627
Anne Shelton	5016

Og það mætti náttúrlega ætla, að Tommy Steele væri vinsælastur enskra söngvara, en svo gott er það nú ekki, hann kemst ekki á blað í upptalningu okkar, því að við teljum aðeins upp fimm efstu af enskum söngvurum. Hann varð reyndar númer sex með 7432 atkvæði, hinir fimm eru þessir:

Frankie Vaughn	10226




Presley; hálft ár í hernum og samt vinsælastur.

Marty Wilde	9547
Dickie Valentine	8350
Michael Holliday	7788
Lonnie Donnegan	7659

Frankie Vaughn er lítt þekktur hér á landi. Þó hafa nokkrar hljómplötur fengizt með honum í Fálkanum. Annars er hann nýlega farinn að leika í kvikmyndum og þykir einn mesti „sjarmör" í enskum myndum, þið fáið þá að sjá hann eftir nokkra mánuði, stúlkur.

MGM vildi ekki sjá lagið - en réði höfundinn strax sem söngvara



Hið skemmtilega dægurlag, Volare, hefur nú orðið að víkja úr efsta sæti vinsælustu dægurlaganna og þar tekið við ekki óskemmtilegra lag, sem ber nafnið „It's all in the game". Við minntumst á þetta lag hér „með þrjúkaffinu" fyrir nokkrum vikum og nefndum jafnframt, að það yrði líklegasta lagið til að ryðja Volare úr vegi, og sú hefur orðið reyndin.

Þegar talað er um vinsælustu lögin, þá eru það raunverulega vinsælustu hljómplöturnar, sem skapa vinsældir laganna. Söngvarinn, sem syngur „It"s all in the game" á hljómplötu, heitir Tommy Edwards, og er þetta fyrsta platan hans.

Sagan af því, hvernig Tommy Edwards varð söngvari, er dálítið sérkennileg. Hann hefur í mörg ár verið dægurlagahöfundur og samið nokkur lög, sem vinsæl hafa orðið í Ameríku. Samkeppnin í dægurlagaheiminum er hins vegar mjög mikil, og verða höfundar laganna að koma með þau sungin og leikin inn á einskonar reynsluplötur, og leika þeir síðan þessar plötur fyrir nótna- eða hljómplötuútgefendur. Þetta hefur að sjálfsögðu mikinn kostnað í för með sér fyrir höfund lagsins. Og þar sem pyngjan var nú í léttara lagi hjá Tommy Edwards í sumar, þá ætlaði hann

Framh. á 11. síðu.





Til vinstri er mynd af MILLIE nokkurri PERKINS, sem valin var úr hópi þúsunda stúlkna úr fjölda landa til að leika aðalhlutverkið í kvikmynd, sem nú er verið að gera eftir leikritinu „Dagbók Önnu Frank". Til hægri er svo mynd af okkar eigin KRISTBJÖRGU KJELD, sem lék sig inn í hjörtu allra er sáu fyrrgreint leikrit, er það var sýnt í Þjóðleikhúsinu fyrr á árinu. Millie má standa sig ef hún ætlar að gera hinni ljúfu Önnu Frank jafngóð skil og Kristbjörg.